

Hestamannafélagið Kjóavöllum

11. fundur, haldin mánudaginn 10.12.2012 kl. 12:00 hjá SS lögmönnum Hamraborg.

Mætt til fundarinn voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Hermann Vilmundarson og Halldór H. Halldórsson, að auki sat Guðni Eiríksson fundinn.

Boðað var til fundarinn nær fyrirvaralaust vegna fyrirhugaðra breytinga á byggingareglugerð og nauðsyn þess að koma reiðhallarteikningum sem fyrst fyrir byggingarnefnd ásamt umsóknum um byggingarleyfi.

1. SS las upp og kynnti erindi til byggingafulltrúa í Kópavogi er varðar undanþágu Hestheima 14 – 16 frá byggingareglugerðinni. Erindið samþykkt af stjórn, er svohljóðandi:

Hestamannafélagið Kjóavöllum kt. 590712-0940 lóðarhafi lóðarinnar að Hestheimum 14 – 16, Kópavogi sækir hér með um undanþágu í samræmi við 1. tölulíð í ákvæðum til bráðabirgða í byggingareglugerð nr. 112/2012, þannig að byggingin verði undanþegin ákvæðum 6. – 16. hluta reglugerðarinnar, þar sem hönnun byggingarinnar var lokið gildistöku reglugerðarinnar 8. febrúar 2012. Í samræmi við þetta verður eftirfarandi texti færður á aðaluppdrætti:

Í samræmi við 1. tölulíð ákvæðis til bráðabirgða í byggingareglugerð nr. 112/2012 er byggingin undanþegin ákvæðum 6. – 16. hluta reglugerðarinnar, þar sem byggingin var hönnuð í gildistíð eldri byggingareglugerðar nr. 441/1998 og hönnun byggingarinnar lokið við gildistöku nýrrar byggingareglugerðar 8. febrúar 2012. Gilda því ákvæði eldri byggingareglugerðar nr. 441/1998. um þá þætti sem um ræðir, að því leyti sem slíkt samræmist ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010. Heimild þessi fellur niður ef byggingarleyfi hefur ekki verið gefið út fyrir 1. janúar 2013. Eftir þann tíma skal fylgt byggingareglugerð nr. 112/2012. við hönnun byggingarinnar og skulu þá nýir uppdrættir, byggðir á ákvæðum reglugerðar nr. 112/2012. lagðir fyrir leysisveitanda til samþykktar.

2. Tekið fyrir erindi Sigríðar R. Júlíusdóttur fyrir hönd Sveins Ívarssonar um málssókn vegna afnota ASK arkitekta af hugverki SÍ af reiðhallarteikningum. Að mati SÍ telst hans vinna við hönnunina um 65% af endanlegri hönnun reiðhallarinnar. SS hringdi í Svein Ívarsson af fundinum, SÍ er tilbúinn með teikningar til undirritunar fyrir byggingarnefnd, ákveðið að GE næði í teikningarar til SÍ eftir fund.
3. All nokkrar umræður urðu um hvern best væri að tryggja framgang málsins, einnig urðu umræður um misræmi á áhorfendafjölda í reiðhöllinni annars vegar frá teikn. SÍ (850) manns og JÁ verks (610) manns.
4. Ákveðið að SS og GE fundi með JÁ verk síðdegis um lausnir varðandi teikningar og hönnun reiðhallarinnar.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 13:30.

Fundarritun. Halldór H. Halldórsson

Í framhaldi af 11. stjórnarfund:

Við Guðni funduðum með JÁ-verkurum og niðurstaðan getur orðið þessi ef ykkur hugnast. HK tekur að sér að sjá um og greiða fyrir allar arkitektateikningar að húsinu og þar með sér Sveinn alfarið um þetta og ASK detta út að fullu og öllu. Í staðinn lækkar greiðsla HK til JÁ um kr. 1,5 (reiknað var með 2.0 í kostnað en 0,5 er nú farið að þeirra mati). Í þessu felst að við höfum náð kröfum Sveins í gegn en á móti kemur að ef hann verður með miklar kröfur og það verður niðurstaðan að honum beri það lendir það allt á HK en ekki JÁ. Þetta er eina óhagræðið sem ég sé en ég sé nú ekki vel þessa dagana.

Ég legg þetta sem sé til en óska eftir að þið segið ykkar skoðun.

Kveðja, Sveinbjörn

Sælir

Aðaluppdrættir undirritaðir af Sveini Ívarssyni eru komnir inn til byggingafulltrúa. Landnúmer vantaði á skráningatöflu Sveins fyrir Hestheima 14-16 (Reiðskemmuna) , en þess vegna er ekki hægt að taka þetta fyrir á fundinum í fyrramálið, en Gísli verður að hafa það bæði í skráningartöflunni og einnig á umsókninni. Sveinn sótti um úthlutun á þessu númeri sem ætti að vera tilbúið í vikunni, en það er tæknideild Kópavogs sem úthlutar númerinu. Þetta ætti því að nást fyrir næsta fund sem er á þriðjudag í næstu viku þ.e. 18. des.

Kveðja, Guðni

11. 12. 20102.

Sökum árvekni Hermanns kom í ljós að landnúmer er til af Hestheimum 14-16, en það var fengið áður en byrjað var á jarðvegsskiptum fyrir reiðhöllinni. Fór því með útfyllta umsókn með landnúmeri til Gísla í morgun kl 8:00 og sagðist hann taka þetta fyrir núna á fundi kl 8:30. Vildi upplýsa ykkur um þetta því mikilvægt er fyrir okkur að þetta verði samþykkt sem fyrst. Gísli lætur okkur vita um niðurstöðu eftir fundinn. Það þýðir þó ekki að einhverjar athugasemdir verði ekki gerðar við teikningar, en þær eru þó komnar í þetta samþykktarferli.

Kveðja, G.E.

Nú gerast hlutirnir hratt.

Byggingafulltrúi Kópavogs hefur samþykkt teikningar af reiðhöllinni, þ.e. aðaluppdrætti þannig að við erum sloppin fyrir vind í bili. Hann mun gefa út bréf um þetta sem komið verður til Sveinbjörns í næstu viku.

Þetta tókst með samstilltu átaki stjórnar , sem tók vel á málunum undir öruggri stjórn Sveinbjörns í gær, ásamt fundvísi Hermanns og ég talin nú ekki um farsæla ráðgjöf hundsins í Norðlingaholti.

Kveðja GE.

HH.